

Frjálsíþróttasamband Íslands

Fundargerð 3. stjórnarfundar, starfstímabilið 2010-2012

fimmtudaginn 17. maí 2010. Fundur hófst kl. 17 í fundarsal A Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Mættir voru eftirtaldir stjórnar- og varastjórnarmenn: Stefán Halldórsson, Benoný Jónsson, Hannes Strange, Sigurður Ingvarsson, Unnur Sigurðardóttir, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Birgir Guðjónsson og Felix Sigurðsson. Einnig sat Jónas Egilsson framkvæmdastjóri fundinn. Katrín Sveinsdóttir tilkynnti forföll og Haraldur Bóasson var komst ekki þar sem flug féll niður, en var í símasambandi undir lið 7.

Stefán Halldórsson formaður setti fund og stjórnaði.

1. Fundargerð 2. fundar, lögð fram og samþykkt.
2. Fjárhagsmál.
 - 2.1. Framhald umræðna frá fyrri fundum. Gjaldkeri greindi frá helstu atriðum varðandi útistandandi skuldir og tekjumöguleika vegna fjáröflunaraðgerða sem eru í gangi.
 - 2.2. Frjálsíþróttablað. Framkvæmdastjóra falið að kanna möguleika á útgáfu svipaðs blaðs og gefið hefur verið út undan farin ár.
 - 2.3. Keppnisbúningar. Hagstæð verð komin frá Henson og möguleg fjármögnun í gegnum samstarfsaðila sambandsins.
 - 2.4. Drög að samningi við RUV vegna útsendinga á Demantamótum IAAF lögð fram. Rætt. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu.
 - 2.5. Samstarf við UMFÍ vegna Kids Athletics og fleiri mála. Rætt.
3. Nefndaskipan.
 - 3.1. Tillögur um eftirtalda einstaklinga í unglínganefnd samþykkt: Aðrir: Silja Úlfarsdóttir, Fríða Rún Þórðardóttir, Björg Hákonardóttir. Þórunn Erlingsdóttir var kosin formaður nefndarinnar á þingi FRÍ í febr.sl.
4. Mótamál
 - 4.1. Verkefnisstjóri landsliðsmála og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir þátttöku okkar í forkeppni í Moskvu 21.-23. maí nk. vegna Ólympíuleika ungmenna. Ekki gert ráð fyrir að sambandið verði fyrir kostnaði vegna þátttöku í mótinu, en endurgreiðslur koma frá IOC og EAA.
 - 4.2. Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit um fyrirliggjandi hugmyndir um þátttöku á mótum erlendis í ár.
 - 4.3. NM unglíngar á Akureyri. Fyrir liggur að aðrar þjóðir senda samtals 205 þátttakendur, keppendur, þjálfara og fararstjóra, en samið hefur verið um sameiginlegt flug fyrir allar þjóðirnar til Akureyrar.
 - 4.4. MÍ 15-22 ára. Samþykkt að tillögu Mótanefndar, að FH haldi mótið í ár, en þrír aðrir aðilar sóttu einnig eftir að halda mótið eftir að UMSB gaf það frá sér þar sem Unglingalandsmótið verður í Borgarnesi.
 - 4.5. Skólalápraut FRÍ og Iceland Express. Lokamótið verður föstudaginn 4. júní nk. í Laugardalshöll. Sigurvegurum í hverjum flokki verður boðið til Gautaborgar og þátttöku í Gautaborgarleikunum í byrjun júlí nk.
5. Ýmismál
 - 5.1. Lyfjamál – úrtakshópur vegna lyfjaprófana utan keppni. Rætt, en frestað.
 - 5.2. Kids Athletics. Fyrsta námskeiði fyrir þjálfara er að ljúka 17. maí. Alls voru sjö þjálfarar sem sóttu námskeiðið í voru. Stefnt er frekari námskeiðshaldi í haust og kynningu í samvinnu við UMFÍ og samstarfsaðila FRÍ meðal sambandsaðila og í skólum.

Frjálsípróttasamband Íslands

- 5.3. Keppnisréttur héraendis. Lögð fram álitgerð laganefndar vegna umsóknar Mark W. Johnson um keppnisrétt hér á landi. Formanni falið að yfirfara öll gögn vegna málsins, í samræmi við niðurstöður nefndarinnar. Keppnisleyfi veitt frá 17. maí að því tilskyldu að gögn uppfylli tilsett skilyrði.
- 5.4. Evrópuráðstefna ungmenna. FRÍ boðið að senda tvö ungmenni, 19-26 ára, til Barcelona á ráðstefnu ungmenna á kostnað EAA. Framkvæmdastjóra falið að vinna að málinu í samvinnu við unglínganefnd.

6. Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 10. júní. Varaformaður stýrir þeim fundi í forföllum formanns.

Hlé var gert á milli kl. 18 og 18:30, en í fundarhléi var þátttakendum á 1. stigs CECS námskeið afhent skírteini fyrir þátttöku sína á námskeiðinu.

7. Áherslur á komandi misserum.

- 7.1. Formaður fór yfir hugmyndir um að víkka út starfið, fjölga iðkendum, gera frjálsípróttir að ævilöngu ferli. Umræður um helstu atriði er snerta málefni hreyfingarinnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:15.

Sigurður Ingvarsson,

Jónas Egilsson.

Fundarpunktur frá 3ja fundi stjórnar FRÍ
Dagskrárliður 7: Stefnumótunarmræða - áherslur stjórnar á komandi misserum.

Hér fer á eftir samantekt formanns á helstu hugmyndum og áhersluþáttum sem fram komu í umræðunni.

Fjölgun iðkenda:

Frjálsar eru partur af lífsstíl, þar er pláss fyrir alla og fjölbreytni í iðkun.

Mikilvægt að auka tekjuöflun, fjölgun iðkenda hjálpar til.

Þarf að ná til almenningshlaupara, eykur fjölbreytni í starfinu og tekjur.

Vantar nýliðun, þar skiptir félagslegi þátturinn miklu og þjálfararnir.

Þarf að taka upp önnur vinnubrögð víða.

HSP: Gafst vel að þjáfari fór út í skólana eftir skóladag en þátttakan datt niður ef æfingar voru færðar á einn stað.

Félögum helst vel á afreksfólki en síður á hinum.

Starfið fer batnandi í Reykjavík með betri aðstöðu.

HSK: Verkefnisstjóri á launum leiddi til fjölgunar iðkenda og félaga.

Æskilegt að fá fulltrúa frá EAA í heimsókn til fundahalda um það sem hefur gefist vel annars staðar, t.d. Norðmenn.

Kids Athletics verkefnið fyrir 4-10 ára gefur sóknarfæri, þar geta allir verið með í samræmi við grunngildi frjálsra, krakkar geta tekið þátt í að búa til áhöld.

Þurfum að styðja einstaklingana sem eru drifjaðrir úti á landi, t.d. með því að þjálfarar frá Reykjavík fari út á land.

Íþróttakennsla:

Íþróttakennarar eru opnir fyrir að kynna frjálsar ef þeir fá aðstoð.

Þarf að setja í reglur/námskrár skóla að kenna frjálsar (og mata kennara á námsefni, tillögum um útfærslu).

Reynsla ÍR að íþróttakennarar með bakgrunn úr boltaiþróttum hundska grunnskólamót í frjálsum.

Þjóða leiðbeinindabjálfun í Kids Athletics sem námsefni í valáfanga í framhaldsskólum.

Grunngildi frjálsra:

Eigum að hampa grunngildum frjálsra (allir með, bæði kynin, heiðarleiki, o.fl.) sem falla að gildum sem þjóðfundur og fleiri hampa.

Vinna með öðrum greinum (þar sem iðkendur komast ekki að). Í knattspyrnu byrja kannski 140 í 5. flokki en einungis 22 eru í meistaraflokki. Hinir gætu fundið sér farveg í frjálsum.

Fjölmiðlar:

Þarf að vinna að því að fjölmiðlar sinni frjálsum eins og var áður fyrr.

Eigum að skrifa sjálf, herja á fjölmiðlana, vinna í þeim, hrósa þeim, minnka vinnu þeirra (mannekla þeirra skapar tækifæri), skrifa greinar, ekki bara úrslit.

FRÍ ætti að semja kynningarátætlun, ræða við Samúel Örn sem hefur reynslu og er hliðhollur frjálsum.

Stórviðburðir:

Stórviðburðir trekkja - FRÍ getur haldið þá.

Gera eitthvað nýtt, hugsa út fyrir rammann, gleðihugmyndir.

Nota Véstein og sambönd hans.

Reykjavíkurléikar, Reykjavík International Games, hagfræðileg greining sýnir að þetta er ábatasamt fyrir samfélagið.

Kastmót ÍR með erlendum þátttakendum dæmi um nýja viðburði.

Starfshættir hreyfingarinnar:

Auka þarf samstarf félaga um mótahald, foreldrar eru þrugaðir af starfi á mótum.

Vantar hvatakerfi fyrir dómara.

Bæta skipulag móta og draga úr árekstrum við aðrar íþróttir (forðast að setja barnamótin á sama tíma og stærstu boltamótin eru).

Auka dreifstýringu innan FRÍ, með nefndum og samstarfi félaga og innan landssvæða.

Halda formannafundur, t.d. í tengslum við ferðir til Reykjavíkur

Efla upplýsingagjöf

Fá ráðgjafa (auglýsingamenn, hugmyndasmiði, útlendinga).